

BORGARRÁÐ 18.8.'16: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um úrbætur á grásleppuskúrum o.fl. við Grímsstaðavör - R16080092

Borgarráð samþykkir að ráðist verði í úrbætur á grásleppuskúrum og öðrum menningarminjum við Grímsstaðavör. Fyrir komandi vetur verði ráðist í nauðsynlegar framkvæmdir við að verja minjarnar gegn frekara tjóni. Í tengslum við fjárhagsáætlun 2017 verði síðan teknar ákvarðanir um frekara viðhald og endurbætur á svæðinu.



Borgarráð

Málsnr.: 216080092
Skjalasafn Ráðhúss
19. sep. 2016
Bréfalykill: 310-1

Tillaga borgarráðsfulltrúa sjálfstæðisflokks um úrbætur á grásleppuskúrum o.fl. við Grímstaðavör - R160800192

Á fundi borgarráðs 18.8.2016 var lögð fram eftirfarandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um úrbætur á grásleppuskúrum o.fl. við Grímstaðavör:

"Borgarráð samþykkir að ráðist verði í úrbætur á grásleppuskúrum og öðrum menningarminjum við Grímstaðavör. Fyrir komandi vetur verði ráðist í nauðsynlegar framkvæmdir til að verja minjarnar gegn frekara tjóni. Í tengslum við fjárhagsáætlun 2017 verði síðan teknar ákvarðanir um frekara viðhald og endurbætur á svæðinu."

Erindið var sent USK og MOF til umsagnar.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs og menningar- og ferðamálasviðs:

Fyrir komandi vetur munu smíðir frá Árbæjarsafni gera viðhlítandi aðgerðir til varnar því að foktjón verði á skúrum á svæðinu.


Þá hefur verið til meðferðar í verkefninu Betri hverfi 2017 tillaga að úrbótum á grásleppuskúrum við Grímstaðavör og svæðinu umhverfis þá. Sú tillaga er unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur og felst m.a. í eftirfarandi:

1. Ástand skúranna verði metið og þeir styrktir og lagfærðir með viðeigandi hætti.
2. Allt lauslegt verði hreinsað út úr skúrunum, annað en það sem þeim tilheyrir. Hafa hugsanlega sýnilegt í gegn um glugga.
3. Trönur verði settar ofan á skúrana.
4. Jarðvegsskipti fari fram í kring um skúrana til að minnka órækt.
5. Frístandandi trönur styrktar og lagfærðar.
6. Dráttarbrautir fjarlægðar nema ein sem verði gerð upp.
7. Fjarlægja dráttarspilin nema það sem tengist þeirri dráttarbraut sem verður varðveitt.
8. Gangspilið verði gert upp.
9. Upplýsingaskilti endurnýjað með íslenskum og enskum texta.

10. Á vorin mætti hengja fisk á trönum.

Tillöguhöfundar áætla heildarkostnað við ofangreindar lagfæringar nema um 5 millj.kr.

Áætlað er að senda tillöguna viðkomandi hverfisráði til mats fyrir íbúakosningar í nóvember. Hljóti hún kosningu kemur hún þá til framkvæmda á næsta ári.



Amundi Brynjólfsson
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds